

Alþingi
Erindi nr. P 140/751
komudagur 9.12.2011



Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9.12.2011

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur 305 mál.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist erindi atvinnumálanefndar Alþingis, dags. 2. desember 2011, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr.65/2003, vegna hækkunar á eftirlitsgjaldi.

Orkuveita Reykjavíkur vísar til fylgiskjals II með frumvarpinu, umsagnar samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, dags. 15. september 2011 en Orkuveita Reykjavíkur á fulltrúa í þeirri nefnd.

Helstu efnisatriði sem vert er að leggja áherslu á eru eftirfarandi:

- Allur kostnaður sem lagður er á flutning og dreifingu raforku greiðist á endanum af þeim sem kaupa raforku á almennum markaði.
- Dreifi- og flutningsveitur hafa verið reknar skv. ítrustu kröfum laga og reglna og vel innan settra tekjumarka. Tvöföldun á umfangi eftirlits árið 2012 verður því að teljast nokkuð rausnarlegt og án nægjanlegs tilefnis.
- Raforkufyrirtækin greiða auk þessa gjalds um 180 milljónir kr. á ári til rafmagnseftirlits Mannvirkjastofnunar, sem aðeins að hluta skilar sér til eftirlitsstarfa (108 m.kr. skv. fjárlögum 2010). Afgangurinn verður eftir í ríkissjóði. Ef áætlaðar hækkanir ná fram að ganga verða heildarálögur raforkunotenda vegna eftirlitsstarfsemi opinberra aðila um 280 m.kr. á ári. Nefndin setur í umsögn sinni fram þá tillögu, sem tekið er undir hér, að hafi raforkueftirlit Orkustofnunar þörf fyrir aukið fjármagn til starfa sinna skuli fyrst sótt í þá fjármuni sem þegar hafa verið innheimtir vegna eftirlits og liggja í ríkissjóði, áður en lagt er á viðbótargjald vegna raforkueftirlits.

Virðingarfyllst,

Elín Smáradóttir, hdl.